

Embættið.	Laun eptir lögum 14. desbr. 1877, 4., 5. og 7. grein.	Persónuleg launabót.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Skaptafellssýsla	2764 96	” ” ”	2764 96
2. Vestmannaeyjasýsla.	1841 4	” ” ”	1841 4
3. Rangárvallasýsla	3000 ”	300 86	3300 86
4. Árnessýsla	3500 ”	923 91	4423 91
5. Reykjavíkur kaupstaður	3000 ”	” ” ”	3000 ”
— skrifstofukostnaður	1000 ”	” ” ”	1000 ”
6. Gullbringu- og Kjósarsýsla	3000 ”	” ” ”	3000 ”
7. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	3500 ”	1057 68	4557 68
8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	3000 ”	” ” ”	3000 ”
9. Dalasýsla	2500 ”	” ” ”	2500 ”
10. Barðastrandarsýsla	2500 ”	167 49	2667 49
11. Ísafjarðarsýsla og kaupstaður	2853 44	” ” ”	2853 44
12. Strandasýsla	1545 16	” ” ”	1545 16
13. Húnavatnssýsla	3500 ”	1143 34	4643 34
14. Skagafjarðarsýsla	3000 ”	1282 35	4282 35
15. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrar kaupstaður	3500 ”	609 14	4109 14
16. Þingeyjarsýsla	3412 96	” ” ”	3412 96
17. Norðurmúlasýsla	3000 ”	620 18	3620 18
18. Suðurmúlasýsla	2500 ”	757 13	3257 13

Samkvæmt þessu vil jeg hjer með leggja fyrir yður, herra landfógeti, að greiða fyrst um sinn hlutaðeigandi embættismönnum úr jarðabókarsjóði það fje, er til er tekið að framan við hvert embætti fyrir sig, eptir hinum almennu reglum um greiðslu launa, og þannig, að launin sjeu talin frá 6. þ. m., samkvæmt lögum 14. desember 1877.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um vegabót á Öxnadalshæði og yfir Vatnsskarð.* — Hjer með gefst yður þjónustusamlega til þóknarlegrar vitundar, herra sýslumaður, að jeg samkvæmt beiðni yðar fyrir hönd sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu hefi veitt þetta ár 1200 kr. til að halda áfram vegagjörðinni á Öxnadalshæði og yfir Vatnsskarð, af fje því, sem til er tekið í 10. gr. C 6 í fjárlögnum.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 3. dag júnímánaðar setti landshöfðingi Jón ritara Jónsson til þess að þjóna bæjarfógetaembættinu í Reykjavík og Guðmund málaflutningsmann Pálsson til þess að gegna sýslumannsembættinu í Kjósar- og Gullbringusýslu, báða frá 6. s. m.

Hinn 11. d. s. m. var hjeraðslæknir í 17. lækniheraði Sigurður Ólafsson settur til ásamt þessu embætti að taka að sjer og gegna þeim hluta 16. lækniheraðs, er saman stendur af Hofsborgarhafnar- Mýra- og Nesjahreppum í Austur-Skaptafellssýslu.

Hinn 25. d. s. m. var prestinum að Stað í Grindavík sjera Kristjání Eldjární Þórarinnssyni veitt Tjarnarprestakall í Eyjafjarðarprófastsdæmi með útkirkjum að Urðum og Upsum.

ÓVEITT EMBÆTTI.

Staðarprestakall í Grindavík í Kjalarnessprófastsdæmi, metið 493 kr. 26 a., auglyst 28. júní 1878. Sá, sem fær þetta brauð, kann að verða settur til að þjóna Selvogspingum fyrst um sinn.